

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík, föstudagur, 22. júlí 2022
UST202207-135/D.Ö.H.
09.07.01


Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Bláfjöll - skíðagöngubraut

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn VSÓ Ráðgjafar, dagsett 12. júlí 2022, um vinnu við gönguskíðabraut innan Fólkvangsins í Bláfjöllum.

Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingu nr. 173/1985. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt skilmálum skal stefnt að því að svæðið verði skipulagt til skíðaiðkunar en mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að bæta lýsingu og setja upp snjógirðingu meðfram gönguskíðaleið innan



skíðasvæðisins í Bláfjöllum sbr. meðfylgjandi mynd sem fylgdi umsókninni. Ljósastaurar verða 12-15 metra háir tréastaurar sem reistir eru með 30 metra millibili. Milli þeirra er raflína, svo ekki er um að ræða jarðrask vegna jarðstrengs.

Snjógirðingar eru um 120-150 cm háar frá jörðu. Tréastaurar með liggjandi borðum með um 50% dekkun.

Í umsókn kemur fram að við uppsetningu yrði fylgt eins og kostur er núverandi slóðum á svæðinu til að forðast jarðrask og þess gætt að ganga vel frá yfirborði lands kringum staura og girðingar. Umsækjandi telur framkvæmdirnar ekki líklegar til að hafa í för með sér verulega breytingu á ásýnd lands eða umfangsmikið jarðrask. Um sé að ræða afturkræfar framkvæmdir, þar sem ljós og girðingar sé hægt að fjarlægja síðar, ef landnotkun breytist.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið hafa sjónræn áhrif fyrir gesti svæðisins sem sækja svæðið allt árið. Svæðið sem farið er um einkennist af nútímahrauni, gígum, gróðri og landslagi. Mikilvægt er því að farið sé varlega og þess gætt að valda ekki óafturkræfu tjóni. Á það sérstaklega við um nútímahraun og gíga sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá skal þess gætt að við lagfæringar verði notast við staðargróður og að bera ekki ágengar tegundir plantna inn á svæðið.

Æskilegt er að tryggja að gönguskíðaslóðar séu einnig aðgengilegir gangandi fólki til útivistar yfir sumartímamann auk þess að tryggja að aðgengi hvetji ekki til aksturs utan vega, t.d. mótorhjóla og annarra torfærutækja.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir VSO fyrir hönd Skíðasvæða Höfuðborgarsvæðisins fyrir sitt leyti leyfi fyrir endurbótum á gönguskíðasvæði innan Fólkvangsins í Bláfjöllum sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.
- Tryggt skal að gönguskíðasvæðið verði merkt m.t.t. þess að akstur utan vega sé óheimill og að um gönguskíða- og göngusvæði sé að ræða.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

René Biasone
svæðissérfræðingur